

Lög

um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra.

1. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 2. og 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnunar.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

2. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 4. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnunar.

III. KAFLI

Breyting á búnaðarlögum, nr. 70/1998.

3. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnun“ í 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnun.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 58/2006, um fiskrækt.

4. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 2. mgr. 4. gr., 6. gr. og 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnunar.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum.

5. gr.

2. másl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar fimm manna fisksjúkdómanefnd: einn samkvæmt tilnefningu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, tvo samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og skal annar vera sérfróður um fersk-

vatnsfiska en hinn um sjávardýr og einn samkvæmt tilnefningu Fiskistofu og yfirdýralækni, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar.

6. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnun“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnun.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

7. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 2. mgr. 11. gr., 1. mgr. 16. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 4. mgr. 17. gr., 1. og 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 19. gr., 2. mgr. 20. gr., 2. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 24. gr., 25. gr., 3. mgr. 27. gr., 3., 5. og 6. mgr. 28. gr., 2. mgr. 29. gr., 3. mgr. 30. gr., 2. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 34. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnunar; og í stað orðsins „Veiðimálastofnun“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnun.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 71/2008, um fiskeldi.

8. gr.

Orðið „Veiðimálastofnunar“ í 3. mgr. 4. gr., 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr., orðin „Veiðimálastofnunar og“ í 1. mgr. 12. gr. og orðin „eða Veiðimálastofnunar“ í 1. mgr. 19. gr. laganna falla brott.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála.

9. gr.

Orðið „Veiðimálastofnun“ í 2. mgr. 9. gr. og 1. og 2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð.

10. gr.

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: Hafrannsóknastofnunar.

X. KAFLI

Breyting á lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „átta“ í 2. másl. kemur: sjö.
- b. Orðið „Veiðimálastofnun“ í 3. másl. fellur brott.

12. gr.

2. másl. 4. mgr. 63. gr. laganna orðast svo: Náttúrufræðistofnun Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnun tilnefna einn fulltrúa hver og Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins tilnefna sameiginlega einn fulltrúa.

XI. KAFLI
Gildistaka.
13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2016.

Samþykkt á Alþingi 2. desember 2015.